



FUNDARGERÐ

273. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ
fimmtudaginn 13. febrúar 2020 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, Helga Hreinsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Björg Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Ársreikningur – drög yfirfarin
3. Aðalfundur
4. Starfsreglur stjórnar – frh.
5. Sameining sveitarfélaga
6. Vatnsveitur – gjaldskrár, svar til ráðuneytis – til kynningar
7. Fóðurstöð - lóðamál
8. Yfirlit verkefna – staða og áætlun
9. Forðamat jarðhitakerfisins undir Urriðavatni – skýrsla ÍSOR útgefin
10. Gagnaveita – Ísland ljóstengt; niðurstaða fundar með fulltrúa Fjarskiptasjóðs
11. Austurljós – staða vinnu við endurskoðun samnings
12. Fráveita á Egilsstöðum og Fellabæ – framkvæmdaröð o.fl.
 - a. Landeigendur hjá útrás í Lagarfljót
 - b. Dælu- og útrásarlögn á Egilsstaðanesi
 - c. Hreinsivirki Einbúabla; tillaga rekstraraðila að úrbótum
13. Önnur mál
 - a. Staðfesting fundagerða stjórnar
 - b. 40 ára afmæli HEF – ljósmyndir
 - c. Orkustofnun – áætlun (tp)
 - d. Skógarorka – ráðstöfun kennitölu

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

1. Starfsmannamál

Frágenginn og undirritaður er ráðningarsamningur, tímabundinn til 6 mánaða, við Brodda B. Bjarnason. Gildir til 31. júlí 2020.
Framkvæmdastjóra falið að undirbúa auglýsingaferli varðandi starfið.

2. Ársreikningur

Magnús Jónsson, endurskoðandi frá KPMG, kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti vinnu við gerð ársreiknings HEF 2019.
Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri HEF, sat einnig fundinn undir þessum lið.

3. Aðalfundur

Aðalfundur HEF er ráðgerður föstudaginn 6. mars kl. 17:00 á Hótel Héraði. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins.

4. Starfsreglur stjórnar – frh.

Framkvæmdastjóri lagði fram uppfærða tillögu að starfsreglum fyrir stjórn HEF. Tillagan rædd og ákveðið að vinna í skjalinu milli funda.

5. Sameining sveitarfélaga

Starfshópur um veitur, hafnir, eignir og b-hlutastofnanir hefur fundað 5 sinnum, síðast á Seyðisfirði um áhaldahús, sorphirðu o.fl. Samhljómur er í hópnum um að yfirumsjón veitustarfsemi verði á einni hendi í sameinuðu sveitarfélagi, en nokkuð er ljóst að hverfisveitur þurfa starfsfólk áhaldahúsa til að sinna nærþjónustu og neyðartilfellum.

6. Vatnsveitur – gjaldskrár, svar til ráðuneytis – til kynningar

Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar svar HEF til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis við erindi þess um gjaldtöku vatnsveitu. Arður hefur aldrei verið greiddur úr vatnsveitu síðan 2005, þegar HEF tók við henni. Eiginfjárhlutfall vatnsveitu var 50,4% í ársreikningi 2018.

7. Fóðurstöð - lóðamál

Lagt fram til kynningar.

8. Yfirlit verkefna – staða og áætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna:

- Tjarnarbraut – regnvatn: 3 tilboð bárust í verkið í seinna útboði (engin í fyrri). Austurverk átti hagstæðasta boð. Gerð verksamnings er í vinnslu. Tilboð hefur borist í efnið. Verktaki vinnur að gerð verkáætlunar fyrir undirritun verksamnings.
- Selás – endurnýjun: Unnið er að hönnun. Ráðgjafi metur að hönnun sé 50% lokið. Stefnt að auglýsa fyrir lok febrúar.
- Fráveita – útrás á Egilsstaðanesi: Sjá lið nr. 12.
- Ljósleiðari upp Fell: Í vinnslu.
- Vatnsveita Íðavöllum: Í vinnslu.
- Önnur verkefni yfirfarin.

9. Forðamat jarðhitakerfisins undir Urriðavatni – skýrsla ÍSOR útgefin

Skýrsla ÍSOR er útgefin:

„Jarðhitakerfið undir Urriðavatni

Einfaldir hermireikningar og spár um kólnun vatns úr holum UV-8 og 10B“.

Dags. febrúar 2020.

ÍSOR mun nú í febrúar skila tillögu að auknu vinnslueftirliti til að geta með meiri vissu spáð fyrir um framtíðarvinnslugetu á svæðinu.

10. Gagnaveita – Ísland ljóstengt; niðurstaða með fulltrúa Fjarskiptasjóðs

Framkvæmdastjóri (AP), bæjarstjóri (BI) og ráðgjafi HEF, Guðmundur Daníelsson, fóru á fund Fjarskiptasjóðs 21. janúar sl. Ekki fékst eiginleg niðurstaða um framhald á fundinum, fulltrúi sjóðsins ætlaði að skoða málin sín megin og leggja erindi okkar fyrir stjórn sjóðsins. Í framhaldi af fundinum upplýsti fulltrúi sjóðsins að þeir hyggðust láta þriðja aðila endurreikna síðustu áætlun HEF.

11. Austurljós – staða vinnu við endurskoðun samnings

Framkvæmdastjóri fundaði með lögmanni og framkvæmdastjóra Austurljóss sl. fimmtudag. Þar var farið yfir samstarfið undanfarin misseri. Ýmislegt má betur fara. Samkomulag um að HEF geri tillögu að endurskoðun samningsins, m.a. að fækka viðaukum og skýra þau atriði sem ágreiningur er um. Austurljós leggur áherslu á lengingu samningstíma. Málið er í vinnslu.

12. Fráveita á Egilsstöðum og Fellabæ – framkvæmdaröð o.fl.

- a. Landeigendur hjá Útrás í Lagarfljót.
Framkvæmdastjóri hyggst senda landeigendum beggja vegna Lagarfljóts; Ekkjufellssels, Urriðavatns og Finnsstaða, upplýsingar um ætlaða staðsetningu og virkni útrásarlagnar.
- b. Dælu- og útrásarlögn á Egilsstaðanesi.
Útboð útrásarlagnar hefur verið auglýst. Tilboð verða opnuð 5. mars nk. Framkvæmdum verði lokið 30. september nk.
- c. Hreinsivirki hjá Einbúabla.
Úrlausnir ræddar og málið í vinnslu.

13. Önnur mál

- a. Staðfesting fundargerða stjórnar.
Ákveðið að í upphafi hvers fundar verði fundargerð síðasta fundar undirrituð. Þetta fyrirkomulag tekið upp frá ársbyrjun 2020.
- b. 40 ára afmæli HEF – ljósmyndir.
Framkvæmdastjóri varpaði upp myndum úr afmælinu.
- c. Orkustofnun – áætlun (tp.)
Erindi hefur borist frá OS, fyrirspurn vegna fyrirhugaðra nýframkvæmda hitaveitu á rafhituðum svæðum á næstu árum. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
- d. Skógarorka – ráðstöfun kennitölu.
Framkvæmdastjóra falið að leita til Sigurjóns Jónassonar um að slíta félaginu formlega.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.
Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 18:36.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.

Fundargerð staðfest _____ 2020
